

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2008, föstudaginn 5. september kl. 9:00 var haldinn 92. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir, Finnbogi Rögnvaldsson og Eydís Aðalbjörnsdóttir. Ennfremur sat forstjóri fundinn.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

Þetta gerðist:

1. Málefni E-Farice, sbr. samþykkt fundar stjórnar 12. júní sl.
Lögð fram svohljóðandi tillaga forstjóra:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að setja hlutabréf Orkuveitu Reykjavíkur í E-Farice að handveði til tryggingar lántöku vegna verkefna félagsins enda verði greitt árlegt ábyrgðargjald.

Samþykkt.

2. Stefnumótun Orkuveitu Reykjavíkur.

Lagt fram minnisblað forstjóra dags. 3. þ.m. og endurflutt tillaga forstjóra frá síðasta fundi, svo breytt:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir leitað verði til fyrirtækjanna Capacent, Deloitte, KPMG, ParX og PricewaterhouseCoopers hf og óskað annars vegar eftir tillögum þeirra um framkvæmd verksins og hins vegar um kostnað vegna ráðgjafarinnar. Tillögur ráðgjafafyrirtækjanna verða síðan lagðar fyrir stjórn til ákvörðunar.

Samþykkt.

3. Málefni HAB.

Lagt fram minnisblað forstjóra dags. 4. þ.m.

Forstjóri greindi frá undirbúningi samnings milli eigenda HAB, sem lagður verður fyrir stjórn OR.

4. Lagðar fram fundargerðir:

- Stjórnar HAB 21. ágúst 2008.
- Stjórnar Gagnaveitu Reykjavíkur 29. ágúst 2008.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl.: 10:05

Guðlaugur G. Sverrisson,
Eydís Aðalbjörnsdóttir, Finnbogi Rögnvaldsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon,
Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir.